

1.gr. Félagið

Félagið heitir Team Spark, Nemendafélag.

2.gr. Aðsetur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3.gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að halda utan um árlega hönnun og smíði rafknúins kappakstursbíls fyrir námskeið á vegum Háskóla Íslands. Bíllinn er smíðaður af háskólanemum. Bílnum er ætlað að keppa fyrir hönd Háskóla Íslands í alþjóðlegu hönnunar- og kappaksturskeppnum Formula Student.

4.gr. Markmið

Markmið félagsins er að auka þverfaglegt samstarf nemenda, nýsköpun og skilning á verklegum þáttum og efla tengingu Háskólans við atvinnulífið.

Félagið skal auk þess stuðla að þróun á rafknúnum ökutækjum og frekari þekkingarsköpun á slíkri tækni hérlendis.

5.gr. Tilgangur og markmið

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að vinna náíð með Háskóla Íslands. Félagið stuðlar að þróun verkefnisins milli ára m.þ.a halda vel utan um þá þekkingu sem myndast auk þess að vekja áhuga nemenda á verkefninu.

6.gr. Aðild

Félagsmenn skulu vera stúdentar við Háskóla Íslands eða samstarfsskóla verkefnisins.

Aukinn meirihluti stjórnar getur veitt undanþágu frá ofangreindri reglu fyrir aðra háskólanema.

Undantekning er þegar keppnir eru ekki haldnar. Þá fylgja reglur um aðild sömu reglum og opinberar reglur Formula Student Germany.

7.gr. Stjórn

Stjórn félagsins skipa 3-5 félagsmenn. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna skulu hafa lokið sínu fyrsta ári í verkefninu áður en þeir taka stjórnarsæti. Stjórnarmönnum er heimilt að sitja í stjórn að hámarki í tvö tímabil að því gefnu að einstaklingurinn gegni ekki sama embætti bæði árin nema ef ekkert mótframboð berst. Firma félagsins ritar einfaldur meirihluti stjórnar félagsins.

8.gr. Liðshópar

Að stjórn undanskilinni skiptist liðið í hópa sem miðast við áherslur stjórnar hverju sinni.

9.gr. Aðalfundur

Fráfarandi stjórn hvers árs tekur þátt í vali á stjórn næstkomandi tímabils. Meirihluti fráfarandi liðs þarf að samþykkja stjórn. Við val á stjórnarmönnum skal hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi.

10.gr. Stjórnarkjör utan aðalfundar

Ef stjórnarstaða er auð þá hefur núverandi stjórn heimild til að velja nýjan aðila í stöðuna. Hér gildir 2. og 3. mgr. 9. gr. einnig.

11.gr. Vantraust á stjórnarmeðlim

Stjórnarmeðlimur getur lagt fram vantrauststillögu á stjórnarmeðlim. Ef meirihluti stjórnar er samþykkur ákvörðuninni þá má stjórnin, með samþykki umsjónaraðila, fjarlægja meðliminn úr stjórn.

12.gr. Starfstímabil

Samstarfstímabil félagsins er eitt ár í senn og afmarkast af fyrsta kennsludegi Háskóla Íslands og þegar síðastu keppni liðsins lýkur.

Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðsins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

13.gr. Fjármál

Félagið hyggist afla fjár með styrkjum. Styrktarfé skal varið í verkefnið. Allt umframfé eftir starfstímabil rennur ósnert til næsta tímabils.

14.gr. Slit félagsins

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á fundi þar sem meirihluti liðs situr. Ákvörðunin tekur gildi með auknum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til Háskóla Íslands.

Lög þessi voru samþykkt á fundi

Dagsetning: 23.03.2024

Nöfn stjórnarmanna:

Elín Edda Jóhannsdóttir

Frosti Hlynsson

Sigurður Patrik Fjalarrson Hagalín

Þorsteinn Gunnarsson

Þórdís Alda Ólafsdóttir
